

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 490/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Jóni Kristjáni Jacobsen**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni og krefst sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins. Af hálfu ákærvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1993, og krefst það staðfestingar héraðsdóms.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, hefur ákærði frá upphafi neitað því að hafa ekið bifreiðinni JK-417, eftir að hann hóf að neyta áfengis aðfaranótt 31. júlí 1992. Bar hann fyrst hjá lögreglu, að stúlka, sem hann þekkti ekki, hefði ekið. Fyrir dómi kvaðst hann ekki vera viss um, hvort það var stúlka eða karlmaður, er ók.

Í lögregluskýrslu kemur fram, að Sigmar Hafsteinn Lárusson sat undir stýri bifreiðarinnar, er lögreglumenn veittu henni athygli við Umferðarmiðstöðina. Gaf hann þá skýringu hjá lögreglu, að hann hefði sest undir stýri, til að lögreglan færi ekki að kanna málið, þar sem ákærði „stóð við afgreiðslulúguna og lét eins og asni“. Verður að telja þetta ótrúverðuga skýringu. Einnig ber hér á það að líta, að í upphafsskýrslu sinni hjá lögreglu sagði Sigmar Hafsteinn ranglega, að ákærði ætti vínbirgðir þær, sem fundust í bifreiðinni greint sinn, en játaði síðar, að hann hefði sjálfur stolið þeim.

Stúlka sú, sem yfirgaf bifreiðina við Umferðarmiðstöðina, kom ekki til yfirheyrslu hjá lögreglu fyrr en 19. október 1992 eða rúmlega tveimur og hálfum mánuði eftir umræddan atburð. Þrátt fyrir framburð hennar er á það að líta, að í upphafi lögreglurannsóknar hélt ákærði því ákveðið fram, að stúlka hefði ekið bifreiðinni að Umferðarmiðstöðinni.

Engin samprófun fór fram milli ákærða og vitnanna.

Þegar allt þetta er haft í huga, þykir varhugavert að telja, að fram sé komin fullnægjandi sönnun þess, að ákærði hafi ekið umrætt sinn undir áhrifum áfengis, eins og í ákæru greinir, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt framangreindum úrslitum verður allur kostnaður máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti felldur á ríkissjóð, eins og nánar segir í dómsorði.

### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Kristján Jacobsen, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Kjartans Norðdahl héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur, og skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1993.**

Ár 1993, föstudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 371/1993: Ákæruvaldið gegn Jóni Kristjáni Jacobsen, sem tekið var til dóms 21. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 14. júní sl., á hendur ákærða, Jóni Kristjáni Jacobsen, Hverfisgötu 50, Reykjavík, kt. 261266-5989, „fyrir að aka bifreiðinni JK-417 aðfaranótt föstudagsins 31. júlí 1992 undir áhrifum áfengis frá bifreiðastæði við Austurstræti 14 í Reykjavík að húsi ofarlega í Þingholtunum og þaðan að Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg.

Þetta telst varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-réttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga“.

### *Málavextir.*

Föstudaginn 31. júlí sl. kl. 03.37 voru lögreglumenn staddir við B.S.Í., er þeir veittu athygli bifreiðinni JK-417, þar sem hún stóð fyrir framan sölu-lúgu og var vél hennar í gangi. Segir í lögregluskýrslu að Sigmar Hafsteinn

Lárusson hafi setið í öikumannssæti og var hann einn í bifreiðinni, en ákærði var að versla í sölulúgunni. Lögreglumennirnir óku að Hótel Loftleiðum og hugðust halda að B.S.Í. aftur til að athuga með bifreiðina. Lögreglumennirnir mættu bifreiðinni er hún ók austur Vatnsmýrarveg og veittu þeir henni eftirför. Er komið var inn á Skógarhlíð sáu þeir bifreiðina kyrrstæða þar og ákærða og Sigmar á hlaupum í átt að Eskihlíð og hurfu þar sjónum. Þeir voru handteknir eftir nokkra leit í húsi á horni Barmahlíðar og Reykjahlíðar. Kveikjulaslyklar bifreiðarinnar fundust ekki, en ákærði og Sigmar voru færðir á Slysadeild til töku blóðsýnis og síðan færðir í fangaeymslu. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,45‰.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík síðdegis sama dag og skýrði svo frá að hann hefði ekið bifreiðinni fyrir um kvöldið og lagt henni síðan á Tryggvagötu. Kvaðst ákærði hafa farið inn á veitingastað ásamt Sigmari og neytt þar áfengis og kvaðst hann hafa orðið mjög ölvaður og því muna atvik illa. Ákærði kvaðst þó neita því að hafa ekið bifreiðinni eftir að hann hóf áfengisneyslu og taldi hann að einhver stúlka, sem þeir hittu, hefði ekið bifreiðinni í samkvæmi og síðan á Umferðarmiðstöðina.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn ekið bifreiðinni niður í bæ um klukkan 11 um kvöldið og lagt henni á svokölluðu Hallærisplani. Ákærði kvaðst ekki hafa verið búinn að neyta áfengis en kvaðst hafa farið inn á veitingastað ásamt Sigmari, félaga sínum, og þar kvaðst ákærði hafa neytt áfengis.

Ákærði kvaðst muna frekar illa eftir málinu vegna ölvunar sinnar en neitaði því að hafa ekið bifreiðinni eftir að hafa neytt áfengis.

Ákærði kvað sig ráma í, að stúlka, sem hann vissi engin deili á, hefði ekið bifreiðinni. Ákærði kvaðst ekki vita hvað varð um stúlkuna. Ákærði tók fram að hann kvaðst ekki viss um, að stúlka hefði ekið bifreiðinni, alveg eins væri mögulegt, að einhver karlmaður hefði ekið henni.

Vitnið Sigmar Hafsteinn Lárusson, kt. 060372-3039, til heimilis að Vatnsendabletti 102, Kópavogi, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði umrætt sinn komið á bifreið til vitnisins, og hefðu þeir farið í bíó. Kvað vitnið, að eftir það hefðu þeir farið niður í bæ og inn á veitingastaðinn Café Amsterdam. Vitnið kvaðst hafa neytt áfengis þarna og kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki miklum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvort ákærði neytti áfengis þarna. Vitnið kvað þá hafa farið af veitingastaðnum og ekið um bæinn og var Rakel þá komin í bifreiðina og ók ákærði bifreiðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið kvað þá

hafa ekið að Umferðarmiðstöðinni. Vitnið kvað ákærða hafa verslað eitt-hvað þarna og kvað vitnið, að lögreglan hefði komið á vettvang, og rámaði vitnið óljóst í, að það hefði þá sest í ökumannssæti bifreiðarinnar, en vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir hvers vegna.

Borinn var undir vitnið framburður þess hjá lögreglu, að ákærði hefði verið ölvaður og að vitnið hefði sest undir stýri bifreiðarinnar til þess að lögreglan færi ekki að kanna málið.

Vitnið kvaðst ekki geta skýrt þetta misræmi öðruvísi en svo að það myndi þetta ekki betur.

Vitnið kvað, að ákærði hefði síðan ekið bifreiðinni frá Umferðarmiðstöðinni, og kvað vitnið, að þeir hefðu síðan hlaupið burtu frá bifreiðinni, þegar þeir urðu lögreglu varir, og var ástæðan nokkurt magn áfengis, sem var í bifreiðinni.

Vitnið Rakel Arnardóttir, kt. 040773-3479, til heimilis að Klapparstíg 26, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði umrætt sinn verið niðri í bæ og kvaðst hafa vantað far heim til sín og kvaðst hafa hitt pilta sem ætluðu að aka vitninu heim.

Vitnið kvaðst kannast við annan piltinn. Vitnið kvað þau hafa setið í bifreiðinni kyrrstæðri smástund, og síðan settist ákærði undir stýri og ók um bæinn. Vitnið kvað þá hafa viljað fara í samkvæmi, en vitnið kvaðst ekki hafa viljað það, en látið til leiðast og voru þau í 15 til 20 mínútur í samkvæminu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis þar. Vitnið kvað, að ákærði hefði ekið bifreiðinni að Umferðarmiðstöðinni, þar sem vitnið fór úr henni og þar sem vitnið sá að ákærði var drukkinn vildi vitnið ekki vera lengur í bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa séð áfengisáhrif á ákærða og þá kvaðst vitnið hafa merkt það af aksturslagi hans að hann var undir áhrifum áfengis. Þá kvaðst vitnið hafa séð ákærða neyta einhvers í bifreiðinni, sem vitnið taldi áfengisblöndu, enda fékk það sjálft sopa af blöndunni. Vitnið kvað ákærða hafa ekið bifreiðinni allan tímann. Vitnið kveðst hafa drukkið einn og hálfan bjór og síðan eitthvert áfengi í bifreiðinni.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins neitað því að hafa ekið umræddri bifreið eftir að hann hóf neyslu áfengis. Ákærði hefur hins vegar ekki getað gefið viðhlítandi skýringar á því hver ók bifreiðinni og hefur ekki getað gert sér grein fyrir því hvort það var karl eða kona. Hefur ákærði borið því við að sökum ölvunarástands síns muni hann þetta ekki gjörla. Vitnin Sigmar Hafsteinn og Rakel eru bæði sammála um það að ákærði hafi ekið bifreiðinni.

Pegar litið er til framburðar ofangreindra vitna og niðurstöðu alkóhól-rannsóknar, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

#### *Sakaferill, viðurlög.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða sættist hann á árunum 1985 til 1991 4 sinnum á sektargreiðslur vegna umferðarlagabrota, og þann 13. maí 1992 sættist hann á sektargreiðslu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf. Þann 23. desember sl. var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Brot það, sem hér er fjallað um, var framið áður en síðastgreindur dómur gekk og verður því höfð hliðsjón af ákvæðum 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar ákærða. Dómsmeðferð máls þessa hófst áður en skilorðstíma samkvæmt síðastgreindum skilorðsdómi lauk. Þykir rétt með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga að láta skilorðsdóminn haldast, enda þykir brot ákærða aðeins varða sektum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Svipta ber ákærða ökurétti eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim er þar greinir, sjá nú lög nr. 44/1993. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökurétti í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 104. gr. umferðarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Norðdahl hdl., 35.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Kristján Jacobsen, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Norðdahl hdl., 35.000 krónur.